

Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

Gjört í Reykjavík, 10. mars 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

L Ö G

**um breyting á lögum nr. 69 30. apríl 1973, um atvinnuréttindi
skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir síðustu málsgrein 21. gr. laga nr. 69 30. apríl 1973, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Samgönguráðuneytinu er heimilt að ákveða frávik frá fjölda skipstjórnarmanna á verslunarskipum, eftir því sem tilefni gefst til, miðað við búnað og/eða verkefni skips, að fengnum tillögum áhafnanefndar skipaðrar þremur fulltrúum Farmanna- og fiskimanna-sambands Íslands, þremur fulltrúum útgerða kaupskipa og oddamanni, tilnefndum af aðilum sameiginlega eða Hæstarétti Íslands, ef samkomulag næst ekki milli aðila um skipun oddamanns.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. mars 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.